

SAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNA BANDARÍKJA AMERÍKU OG LÝÐVELDISINS
ÍSLANDS UM BROTTFLUTNING BANDARÍKJAHERS FRÁ TILTEKNUM
VARNARSVÆÐUM OG MANNVIRKJUM Á ÍSLANDI OG UM SKIL ÞEIRRA SVÆÐA
OG MANNVIRKJA TIL ÍSLANDS

Inngangsorð.

Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku (hér á eftir nefnd Bandaríkin) og ríkisstjórn lýðveldisins Íslands (hér á eftir nefnt Ísland), (hér á eftir nefndar samningsaðilar),

sem viðurkenna og áréttta réttindi og skyldur sem leiða af varnarsamningnum milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins sem var undirritaður í Reykjavík hinn 5. maí 1951 (hér á eftir nefndur varnarsamningurinn frá 1951),

með hliðsjón af því að samningsaðilar hafa átt einlægt og árangursríkt samstarf í meira en 55 ár um að tryggja öryggi íslensku þjóðarinnar og þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til,

með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á öryggismálum í heiminum,

sem vilja ákveða skilmála þá sem Bandaríkin munu gangast undir við brottflutning herafra þeirra frá tilteknum varnarsvæðum og mannvirkjum á Íslandi og vegna skila þeirra svæða og mannvirkja til Íslands í kjölfar tilkynningar Bandaríkjanna til Íslands þann 15. mars 2006 þess efnis að vegna núverandi stöðu öryggis og varnarmála og brýnnar þarfar fyrir hefðbundinn herafra Bandaríkjanna annars staðar í heiminum myndi fastri viðveru bandaríks herliðs á Íslandi ljúka í lok september 2006,

með hliðsjón af því að á fyrrnefndum varnarsvæðum eru mannvirki í eigu bæði Bandaríkjanna og Norður-Atlantshafsbandalagsins og hafa Bandaríkin gegnt ábyrgð gistiríkis gagnvart bandalaginu vegna þeirra mannvirkja, og

sem í framhaldi af viðræðum um skil fyrrnefndra varnarsvæða og mannvirkja til Íslands, meðal annars um ástand umhverfismála á svæðunum og um gjald fyrir hrakvirði mannvirkja,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Ísland skal, í samræmi við varnarsamninginn frá 1951, veita bandarískum herafra og öðrum herafra Norður-Atlantshafsbandalagsins (hér á eftir nefnt NATO) áfram aðgengi að íslensku landsvæði og um það, eins og nauðsynlegt er, í því skyni að mæta varnarþörfum Íslands og þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til og vegna annarra aðgerða sem samningsaðilar samþykkja.

II. gr.

Bandaríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðaflugvallarins í Keflavík fyrir Ísland og fallast á að stuðla að og greiða fyrir því að færsla flugvallarstarfseminnar til Íslands verði snurðulaus til þess að tryggt sé að eigi verði röskun á flugumferð.

III. gr.

1. Bandaríkin skulu, eigi síðar en 30. september 2006, hverfa á brott frá og afhenda Íslandi á ný afnot af eftirtöldum varnarsvæðum, sem voru afhent Bandaríkjunum samkvæmt varnarsamningnum frá 1951, auk allra bandarískra mannvirkja á þeim, eins og nánar kemur fram á þeim skýringarmyndum sem fylgja með samningi þessum og eru sýndar í viðaukum A til E, sem teljast óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum:

- A. Megin varnarsvæði (flugstöð flotans í Keflavík, H-1/Rockville Miðnesheiði, Helguvík og Sandgerði),
- B. Hvalfjörður,
- C. H-2/Gunnólfsvíkurfjall,
- D. H-3/Stokksnes,
- E. H-4/Bolafjall.

2. Ísland skal taka við fyrrnefndum varnarsvæðum frá Bandaríkjunum og öllum bandarískum mannvirkjum á þeim í því ástandi sem þau eru þegar þeim er skilað, án þess að þess sé vænst að Bandaríkin muni ráðast í úrbætur eða lagfæringar, þar með taldar umhverfisúrbætur, af nokkru tagi eftir að fyrrnefndum varnarsvæðum og mannvirkjum hefur verið skilað. Komi fram vitneskja um að heilbrigði og öryggi manna sé í yfirvofandi og verulegri hættu af völdum umhverfismengunar á þeim varnarsvæðum sem er skilað samkvæmt samningi þessum, þ.e. hættu sem var til staðar en var ókunnugt um fyrir dagsetningu samnings þessa, einhvern tíma á næstu fjórum (4) árum eftir þá dagsetningu, skulu Ísland og Bandaríkin eiga samráð í því skyni að leggja mat á eðli mengunarinnar, upptök hennar, hvenær hún kom upp og umfang hennar og meta hvaða frekari aðgerðir af hálfu samningsaðila eru nauðsynlegar.

3. Bandaríkin skulu láta Íslandi í té áætlanir sínar, uppdrætti og gögn, er varða þær endurbætur sem þau hafa gert á eða gagnvart fyrrnefndum varnarsvæðum, ásamt upplýsingum um hvar starfsemi þeirra og aðgerðir á varnarsvæðunum hafi farið fram og um eðli þeirrar starfsemi og aðgerða.

IV. gr.

Ísland og Bandaríkin skulu leggja sameiginlega til við NATO að Ísland taki á sig ábyrgð gistiríkis vegna allra mannvirkja á Íslandi í eigu NATO, eins fljótt og aðstæður leyfa eftir að varnarsvæðum hefur verið skilað. Ísland og Bandaríkin skulu, til að tryggja órofna flugvallarstarfsemi, leggja sameiginlega til við NATO að Ísland taki á sig ábyrgð notendaríkis vegna allra NATO mannvirkja á Íslandi sem Ísland hefur bent á að séu nauðsynleg vegna flugvallarstarfsemi. Bandaríkin hafa, sem núverandi notendaríki, skuldbundið sig, í samræmi

við kröfur NATO, til þess að ábyrgjast gagnvart NATO að gæta allra annarra NATO mannvirkja og viðhalda þeim meðan beðið er ákvörðunar NATO um endanlega ráðstöfun þessara mannvirkja, en eigi lengur en í tólf mánuði eftir að Bandaríkin tilkynna hermálayfirvöldum NATO um að Bandaríkin þurfi eigi lengur að nota fyrrnefnd mannvirki. Ísland skal bera alla ábyrgð, með tilliti til NATO mannvirkja sem Ísland ráðgerir að nota vegna flugvallarstarfsemi og þegar skil varnarsvæðanna eru afstaðin, vegna notkunar, reksturs, varðveislu og viðhalds. Bandaríkin munu, að fram kominni beiðni þar um, styðja Ísland og aðstoða í viðræðum þess við NATO.

V. gr.

Bandaríkin skulu halda fjarskiptaaðstöðunni við Grindavík sem varnarsvæði og bera ábyrgð á áframhaldandi viðhaldi og rekstri hennar. Ísland skal vinna með Bandaríkjunum, eftir þörfum, að því að viðhalda nauðsynlegum samningum og áframhaldandi rétti til aðgengis að aðstöðunni.

VI. gr.

Ísland skal, að því er varðar hverja og eina og allar kröfur, heimtingar eða málsóknir, er varða skaðabætur, útgjöld eða ábyrgð, hverjar sem eru, sem koma til vegna meiðsla á fólki eða eignatjóns og kunna að verða lagðar fram eða hafnar í tengslum við notkun fyrrnefndra varnarsvæða eða mannvirkja, yfirráð yfir þeim eða rekstur þeirra í fortíð og framtíð, fría Bandaríkin og sérhverja stofnun á þeirra vegum, umboðsaðila þeirra, verktaka, fulltrúa eða starfsmann frá slíkum kröfum, heimtingum eða málsóknum, gera fyrrnefnda aðila skaðlausa að því er þær varðar, leysa þá undan þeim og vísa þeim frá. Ísland skal taka á sig ábyrgð og, að beiðni Bandaríkjanna, útvega málsvörn vegna krafna á hendur og málareksturs gegn Bandaríkjunum, stofnunum á þeirra vegum, umboðsaðilum þeirra, verktökum, fulltrúum eða starfsmönnum í tengslum við fyrrum notkun, yfirráð yfir eða rekstur fyrrnefndra varnarsvæða eða mannvirkja.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar samningsaðilar undirrita hann.

Gjört í _____, hinn _____ 2006.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
BANDARÍKJA AMERÍKU:

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS: